

Fyrsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á Laugalandi 16. júní 2014, kl.:15.00.

Mætt: Eydís Indriðadóttir, Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Karl Ölvisson og Nanna Jónsdóttir.
Fundargerð ritaði Barbara Meyer.

Egill Sigurðsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna og óskaði þeim velfarnaðar í starfi á kjörtímabilinu.

Skýrsla kjörstjórnar Ásahrepps um úrslit kosninga 31.maí 2014.

Athugasemd frá Eydísi Þ. Indriðadóttir Þar sem vísað er í 14. grein í kosningahandbók varðandi kjörstjórn og undirbúningur kosninga:

„Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa aðsetur sitt þar sem hún veitir viðtöku framboðslistum og þar sem hún dvelst meðan kosning fer fram.“ Einnig þarf að koma fram hvenær framboðsfrestur rennur út.

Afgreiðsla: Hreppsnefnd tekur undir þessa bókun.

3.Ákveðið að ganga til oddvitakjörs. Egill kjörin með 3 atkvæðum, Eydís Indriðadóttir hlaut 2 atkvæði.

4.Egill heldur áfram fundarstjórn. Kjör varaoddvita. Nanna Jónsdóttir kjörinn varaoddviti Ásahrepps með 3 atkvæðum.

5.Ritari hreppsnefndar kjörinn Elín Grétarsdóttir með 3 atkvæðum.

6.Kjör nefnda samkvæmt samþykktum Ásahrepps:

Stjórn Dvalarheimilissins Lundar: Eydís Indriðadóttir og til vara Egill Sigurðsson

Fulltrúa á aukaaðalfund SASS: Egill Sigurðsson og til vara Nanna Jónsdóttir.

Fleiri kjör í nefndir frestað fram að næsta hreppsnefndarfundi sem áætlaður er föstudaginn 28. Júní kl.: 9.00 á Laugalandi.

7.Önnur mál.

a)Egill þakkar Eydísi fyrir vel unnin störf og óska eftir umboði til að ganga frá starfslokum hennar.

Afgreiðsla: Samþykkt.

b) Umræða um að auglýsa eftir sveitastjóra sem tekur að sér u.þ.b. 60- 70 % starf.

Afgreiðsla: Oddvita falið að gera tillögu að auglýsingu sem sent verður hreppsnefndarmönnum til afgreiðslu.

Athugasemd: Karl Ölvisson gerir athugasemd varðandi hvort búið er að reikna út kostnaðinn varðandi sveitastjórstöðu. Karl áskilur sér rétt til að leggja fram viðbótabókun um þetta á næsta fundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.: 15:52